

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 5. nóvember 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Dalhús

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að draga úr óþægindum, sem íbúar í Dalhúsum verða fyrir vegna mikillar aðsóknar að skíðasvæðinu í Húsahverfi. Athugað verði hvort unnt sé að koma skammtímastæði (sleppistæði) fyrir við brekkuna án þess að íbúar verði fyrir óþægindum. Þá verði skoðað hvort hægt sé að setja stöðubann við mjóa kafla götunnar og fylgja þeim eftir með skýrum merkingum og jafnvel grindum til að draga úr óþægindum fyrir íbúa og koma í veg fyrir að þeir lokist inni í eigin götu.